

18. APRÍL
2024

HARPA
ELDBORG

Eva og Marianna

GRÆN TÓNLEIKARÖÐ



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverka.

Tímalengd verka

Sinfónía nr. 41 33´

Burleske 20´

Dauði og uppljómun 25´

**Upphaflega stóð til að Arngunnur Árnadóttir klarinettleikari
léki einleik en hún forfallast.**

**Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1 og er hluti efnisskrár
tekinn upp til sjónvarpsútsendingar 24. apríl á RÚV.**

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Eva og Marianna

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 18. APRÍL KL. 19:30

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri

Marianna Shirinyan
einleikari

Jan Söderblom
konsertmeistari,
stjórnar Júpítarsinfóníunni
úr sæti

Wolfgang Amadeus Mozart

Sinfónía nr. 41, í C-dúr K. 551, Júpítarsinfónían (1788)
Allegro vivace
Andante cantabile
Menuetto: Allegretto – Trio
Molto allegro

Hlé

Richard Strauss

Burleske, í d-moll TrV 145 (1886)

Richard Strauss

Dauði og uppljómun TrV 158, op. 24 (1889)
Largo
Allegro molto agitato
Meno mosso
Moderato

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.



Eva Ollikainen

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Eva Ollikainen hefur verið aðalhljómssveitarstjóri og listrænn stjórnandi Sinfóníuhljómssveitar Íslands frá árinu 2020. Hún nam hljómssveitarstjórn við Sibeliusar-akademíuna í Helsinki sem útskrifað hefur marga afburða tónlistarmenn en þar naut hún leiðsagnar Leifs Segerstam og Jorma Panula. Árið 2003 hrepti hún fyrstu verðlaun í Panula-keppninni fyrir unga hljómssveitarstjóra, þá 21 árs að aldri. Tveimur árum síðar kom hún fyrst til Íslands til að starfa með Sinfóníuhljómssveit Íslands og spannar samstarf hennar og hljómssveitarinnar því tæp 20 ár. Það ár stjórnaði hún framhaldsskólatónleikum hljómssveitarinnar með mjög skömmum fyrirvara og á árunum 2007-2010 stjórnaði hún þrennum áskriftatónleikum. Hún stjórnaði í fyrsta sinn í Hörpu í febrúar árið 2019 og skömmu síðar tók hún boði hljómssveitarinnar um að gerast aðalstjórnandi hennar.

Eva Ollikainen hefur stjórnað virtum hljómssveitum víða um heim, þeirra á meðal eru Fílharmóníuhljómssveitir Los Angeles, Stokkhólms og að sjálfsögðu Helsinki, Útvarpshljómssveitirnar í Noregi og Svíþjóð og Sinfóníuhljómssveitir BBC og Baltimore. Hún hefur einnig stjórnað óperuflutningi, meðal annars við finnsku og dönsku þjóðaróperurnar og Konunglegu óperuna í Stokkhólmi. Eva þreytti frumraun sína á Proms-tónlistarhátíðinni árið 2022 þar sem hún stjórnaði meðal annars frumflutningi á verki Önnu Þorvaldsdóttur, ARCHORA.

Eva Ollikainen hefur oft verið gestakennari við Sibeliusar-akademíuna og hér á landi hafði hún frumkvæði að stofnun Hljómssveitarstjóraakademíu Sinfóníuhljómssveitar Íslands þar sem ungir og efnilegir tónlistarnemar fá tækifæri til að spreyta sig með tónsprotann.



Marianna Shirinyan

EINLEIKARI

Marianna Shirinyan (1978) er með áhugaverðustu píanóleikurum í Evrópu nú um stundir, bæði sem einleikari og flytjandi kammertónlistar. Hún er fædd í Yerevan í Armeníu og nam píanóleik við Komitas Ríkistónlistarháskólann þar í borg og Tónlistarháskólann í Lübeck í Þýskalandi. Árið 2006 vann Marianna Shirinyan til verðlauna í Alþjóðlegu ARD-tónlistarkeppninni í München sem haldin er af miklum fjölmiðlarisa og er stærsta keppni sinnar tegundar í Þýskalandi. Það kom henni ærlega á kortið, bæði sem einleikara og kammertónlistarflytjanda. Hún hefur hlotið fjölda verðlauna fyrir leik sinn og eftir að hún settist að í Danmörku hefur hún hlotið ýmis þekkt verðlaun þar í landi, þar á meðal dönsku gagnrýnendaverðlaunin og sérstök menningarverðlaun danska ríkisútvarpsins DR.

Marianna Shirinyan hefur komið fram sem einleikari með öllum helstu hljómsveitum Norðurlanda, þar á meðal Dönsku þjóðarsinfóníuhljómsveitinni, Fílharmóníusveitunum í Ósló og Kaupmannahöfn, Sinfóníuhljómsveitunum í Gautaborg, Óðinsvéum, Árósum og Umeå og Fílharmóníusveit Suður-Danmerkur. Hún hefur komið fram á mörgum af helstu tónlistarhátíðum Evrópu, bæði sem einleikari og með kammerhópum, eins og Tónlistarhátíðinni í Schleswig-Holstein, Alþjóðlegu tónlistarhátíðinni í Bergen og MDR Musiksommer í Þýskalandi og hefur unnið með hljómsveitarstjórum eins og Zoltán Kocsis, Hans Graf, Jun Märkl, Antonello Manacorda, Thomas Søndergård, Krzysztof Urbański, Joshua Weilerstein og mörgum öðrum.

Marianna Shirinyan lék píanókonsert Edwards Grieg með Sinfóníuhljómsveit Íslands vorið 2022 undir stjórn Rumons Gamba og fékk rífandi góða umsögn. Hún tók einnig þátt í tónlistarhátíðinni Reykjavík Midsummer Music ásamt mörgum spennandi alþjóðlegum tónlistarmönnum árið 2015 og lék þá *Aprés une Lecture du Dante: Fantasia quasi Sonata* eftir Franz List.



Wolfgang Amadeus Mozart

SINFÓNÍA NR. 41

Sinfónía Mozarts nr. 41 sem jafnan er kölluð Júpítersistínfónían er lengsta og jafnframt síðasta sinfónían sem hann samdi. Hún er einnig að margra dómi besta sinfónía bæði hans og alls klassíska tímabilsins. Undrabarnið og tónsnillingurinn Wolfgang Amadeus Mozart (1756–1791) var aðeins tæplega 36 ára þegar hann lést en starfsævin spannaði stóran hluta þess tíma. Enda samdi hann um 800 verk af öllum mögulegum gerðum; smálög, einleiksverk, verk fyrir allar mögulegar hljóðfærasamsetningar kammerhópa, konsertar, óperur, sinfóníur, messur og önnur trúarleg verk þar sem sálumessa hans rís hæst.

Wolfgang Amadeus fæddist í Salzburg í Austurríki. Hæfileikar hans komu snemma í ljós og fimm ára var hann farinn að semja lítil píanóstykki sem faðir hans, Leopold, skrifaði upp eftir honum. Faðir hans ákvað að koma þessu undrabarni á framfæri og fjölskyldan ferðaðist vítt og breitt um Evrópu, oft á tíðum við fremur nóturlegar aðstæður. Í þessum ferðum komu systkinin bæði fram, Wolfgang og systir hans, Nannerl. Á árunum 1769–1771 fóru þeir feðgar tveir til Ítalíu og frá þeim tíma er sögusögnin um að Wolfgang hafi skrifað upp hið fræga *Miserere mei, Deus* eftir Gregorio Allegri sem ekki var til á nótum og aðeins mátti flytja í Sistínsku kapellunni vegna heilagleika staðarins. Sagan segir að hann hafi aðeins heyrt verkið flutt tvisvar og skrifað það svo upp eftir minni, þá fjórtán ára gamall.

Mozart var ráðinn við hirðina í Salzburg árið 1773 þegar hann var aðeins sautján ára gamall. Hann naut mikillar velgengni en samt sem áður var í honum óyndi og hann leitaði allra ráða til að komast frá borginni. Hann settist að lokum að í Vínarborg árið 1781 og vann þar sem píanóleikari til að byrja með en síðan einnig sem tónskáld þar sem óperusmíðin átti hug hans að miklu leyti. Hann samdi þó

einnig mörg önnur af sínum helstu verkum á þeim tíma, þar á meðal síðustu símfóniur sínar.

Símfónía nr. 41 er nátengd símfóníum nr. 39 og 40 sem þó eru furðu ólíkar og saman mynda þær eins konar þríleik. Símfónía nr. 39 hefst á glæstum forleik en endar á fremur látlausum nótum; sú nr. 41 er aftur á móti án forleiks en endar sérlega glæsilega. Mozart samdi þær allar á aðeins sex vikum sumarið 1788. Allar eru þær með þekktustu tónsmíðum hans og sú nr. 41 er talin meðal glæsilegustu verka hans fyrir hljóðfæri eingöngu.

Tónlistin á Íslandi

Júpítarsímfónían eftir Mozart var eitt þeirra verka sem Filharmóníuhljómsveit Hamborgar flutti í lönó árið 1926 undir stjórn Jóns Leifs; það voru jafnframt fyrstu tónleikar símfóníuhljómsveitar hér á landi. Símfóníuhljómsveit Íslands flutti hana svo í Þjóðleikhúsinu árið 1954 undir stjórn Róberts A. Ottóssonar og árið 1959 undir stjórn Hans Zanotelli, á sama stað. Símfónían hefur verið flutt alloft í gegnum árin af hljómsveitinni en síðast var hún flutt 1. febrúar árið 2018 á tónleikum í Eldborg undir stjórn Matthew Halls.

Fyrsti kafli símfóníunnar er á hefðbundnu sönötuformi og hefst á tveimur stuttum andstæðum stefnum sem hverfast um grunntóninn C. Skömmu síðar er annar stefnumótun kynntur. Mozart leikur sér að því að vinna úr aríu, *Un bacio di mano* K. 541, og nýtir hluta úr henni það sem eftir er af kaflanum. Annar kaflinn er líka á sönötuformi, þetta er hæg og tignarleg frönsk sarabanda, og hér eru fiðlur með dempuðum hljómi í aðalhlutverkinu. Þriðji kaflinn er einnig dans, það er menúett, sem svipar til austurríska þjóðdansins Ländler. Lokakafli símfóníunnar er svo nokkuð sérstakur í byggingu. Við fyrstu skoðun er hann á hefðbundnu sönötuformi með framsögu úrvinnslu og ítrekun. En það sem er harla óvenjulegt er að byggingarefnið er fúga með fimm stefnum, sem er samin undir áhrifum frá Johann Sebastian Bach en Mozart hafði kynnst verkum hans nokkru áður. Áhugavert er að fylgjast með hvernig stefin fléttast saman og flóknum kontrapunktli kaflans. Símfónían fékk ekki viðurkað hljómið Júpítarsímfónían fyrr en um 30 árum eftir að hún var samin en þá tók nafnið að skjóta upp kollinum í enskum tónleikaskrá. Fljótlega festist það við símfóníuna enda á nafnið sérlega vel við, tónmál hennar er allt að því tignarlegt og glansandi og nafn hins rómverska guðs fer henni einstaklega vel.

Mozart var alla tíð sérlega afkastamikill. Árið 1788 samdi hann þrjár símfóníur auk smærri verka. Árið áður samdi hann *Don Giovanni*, 1789–90 var það *Così fan tutte*, auk tveggja annarra ópera. Hann samdi svo óperurnar *La clemenza di Tito* og sjálfa *Töfraflautuna* árið eftir. Sama ár hóf hann að semja *Sálumessuna* sem honum auðnaðist ekki að ljúka við áður en hann lést í desember árið 1791.



Richard Strauss

BURLESKE

Richard Strauss (1864–1949) var eitt af helstu tónskáldunum á mótum síðrómantíkur og módernismans í Þýskalandi og auk þess mikilvirkur og vinsæll hljómsveitarstjóri. Margir hafa litið svo á að hann hafi verið arftaki Richards Wagners og Franz Liszt í einum manni. Það er athyglisverð hugmynd þar sem þessi tvö tónskáld voru mjög ólík í sinni tónsköpun. En þó er sannleikskorn í þessu: tónmál hans og umfang verkanna minnir á Wagner, útfærsla og glæsileiki minna helst á Liszt.

Richard Strauss samdi *Burleske* í d-moll fyrir píanó og hljómsveit á árunum 1885–86, þá aðeins 21 árs. Upphaflega hét verkið *Scherzo* og var samið fyrir hljómsveitarstjórnann Hans von Bülow sem þótti verkið flókið og kjánalegt og neitaði að læra það – sagði það óspilandi. Strauss frumflutti það því sjálfur og lék bæði á píanóið og stjórnaði hljómsveitinni. Nokkrum árum síðar sýndi hann það kunningja sínum, píanóleikaranum Eugen d'Albert, sem leist vel á það. Strauss breytti því aðeins og skipti um nafn og tileinkaði D'Albert nýju útgáfuna. Það var frumflutt í nýjum búningi á tónleikum 21. júní árið 1890 undir heitinu *Burleske* í d-moll, við sama tækifæri og *Dauði og uppljómun* var frumflutt.

Samkvæmt orðabókum er *burleske* „bókmenntaverk, leikhúsverk eða söngleikur sem er ætlað að vekja hlátur með því að gera grín að alvarlegri verkum.“ Nafnið kemur úr ítölsku, „burla“ sem þýðir brandari eða háð. Strauss virðist því ekki hafa verið búinn að gleyma umsögn von Bülow.

Burleske er glæsilegt verk sem útheimtir píanóleikara sem er fær um að láta það glansa. Það var samið vel fyrir aldamót 19. og 20. aldar og á þeim tíma ríkti bjartsýni í veröldinni. Yfir verkinu er ákveðinn léttleiki og ekkert er gefið eftir í glæsileika og glans.

Tónlistin á Íslandi

Víkingur Heiðar Ólafsson lék *Burleske* á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Eldborg 17. nóvember 2016 undir stjórn Yan Pascal Tortelier. Hljómsveitin flutti verkið einnig á tónleikum í Gautaborg þar sem Víkingur Heiðar lék einnig einleikspartinn undir stjórn Tortelier. Þetta er því í annað sinn sem *Burleske* hljómar í á tónleikum í Eldborg í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Richard Strauss

DAUÐI OG UPPLJÓMUN (TOD UND VERKLÄRUNG)

Richard Strauss er líklega helst þekktur fyrir tónaljód sín sem og óperur þar sem tónmálið varð æ nútímalegra. Fyrsta tónaljóðið sem varð þekkt var *Don Juan*; *Dauði og uppljómun* kom þar á eftir. Verkið samdi hann árið 1889 og það var frumflutt árið eftir undir stjórn hans sjálfs.

Tónlistin á Íslandi

Dauði og uppljómun eftir Richard Strauss hefur verið flutt þrisvar áður af Sinfóníuhljómsveit Íslands; fyrst á tónleikum í Háskólabíói árið 1971 þar sem stjórnandi var George Cleve, svo 7. desember árið 1995 undir stjórn Petri Sakari, einnig í Háskólabíói. Verkið var svo fyrst flutt í Eldborg í Hörpu 13. september árið 2018 undir stjórn Yan Pascal Tortelier. Til stóð að flytja Dauða og uppljómun í maí árið 2021 undir stjórn Stefan Solyo en þeim tónleikum var aflýst vegna heimsfaraldursins.

Verkið lýsir dauða listamanns og er tileinkað vini tónskáldsins, Friedrich Rosch. Ljóðskáldið Alexander Ritter samdi svo ljód að beiðni Strauss þar sem lagt var út af tónverkinu eftir að því var lokið. Ljóðið varð að svokölluðu prógrammi fyrir tónlistina, þar sem verkinu og framvindu þess er lýst. Yfirleitt er tónlist sem kennd er við prógrammtónlist samin við eða með ákveðið prógramm í huga, hér var það samið eftir á.

Verkið er fjórskipt en myndar eina samhangandi heild. Í fyrsta kafla, Largo, liggur dauðvona maður í niðurníddu herbergi. Þögnin er aðeins rofin af tifi klukkunnar – eða er þetta hjartsláttur mannsins? Hann brosir; dreymir hann eða leitar æska hans á hann? Í öðrum kafla, Allegro molto agitato, má heyra ákafa baráttu milli lífs og dauða. Í hápunkti kaflans er stef umbreytingarinnar kynnt, en það hljómar svo aftur í lokakaflanum og er þar ráðandi. Baráttunni lýkur ekki hér og þögnin tekur aftur við. Í þriðja kafla, Meno mosso ma sempre alla breve, sér maðurinn hamingjuríka tíma ævinnar aftur fyrir sér og það sem hann barðist fyrir sem ungur maður. Dauðinn sjálfur stöðar þær hugsanir og hin eilífa nótt tekur við. Í fjórða kafla, Moderato, opnast himnarnir og við honum blasir það sem heimurinn neitaði honum um: Endurlausn og umbreyting. Stef umbreytingarinnar hljómar fyrst örveikt í allri hljómsveitinni og vex svo stig af stigi. Í verkinu er seigur og vaxandi þungi sem hæfir umfjöllunarefninu fullkomlega.

Ingibjörg Eyþórsdóttir

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiöla

Jan Söderblom
Vera Panitch
Zbigniew Dubik
Hildigunnur Halldórsdóttir
Pálína Árnadóttir
Bryndís Pálsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Sólveig Steinþórsdóttir
Hekla Finnsdóttir
Lin Wei
Ísak Ríkharðsson
Joanna Bauer
Laufey Sigurðardóttir

2. fiöla

Páll Palomares
Gunnhildur Daðadóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Herdís Mjöll Guðmundsdóttir
Greta Guðnadóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Hlín Erlendsdóttir
Kristján Matthíasson
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Justyna Bidler
Þórdís Stross

Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Porfiris
Herdís Anna Jónsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Kathryn Harrison
Fidel Atli Quintero Gasparsson
Þórarinn Már Baldursson
Sarah Buckley
Anna Elísabet Sigurðardóttir

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Urh Mrak
Hrafnhildur Marta
Guðmundsdóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Margrét Árnadóttir
Guðný Jónasdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir

Bassi

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Hávarður Tryggvason
Jacek Karwan

Flauta

Zofia Neugebauer
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

Klarínnett

Grímur Helgason
Finn Schofield
Rúnar Óskarsson

Fagott

Clara Manaud
Emilía Rán Benediktsdóttir
Brjánn Ingason

Horn

Asbjörn Ibsen Bruun
Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Maximilian Riefellner

Trompet

Joris De Rijbel
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Tom Yaron Meyerson

Harpa

Katie Buckley
Elísabet Waage

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Eggert Pálsson
Soraya Nayyar

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkeldsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfánardóttir
mannauðsstjóri

Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskráargerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvit Hrólfssdóttir
fjármálastjóri


Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfssdóttir
sviðs- og tæknimaður

VETRARFERÐIN [Franz Schubert]

EINS OG ÞÚ HEFUR
ALDREI HEYRT
HANA FYRR

20.06.2024 Hamrar, Ísafirði 20.00

HERDÍS ANNA JÓNASDÓTTIR, SÓPRAN
OG ORCHESTER IM TREPPENHAUS FLYTJA
NÝJA ÚTSETNINGU EFTIR THOMAS POSTH
OG FYNN GROßMANN



VIÐ DJÚPIÐ ÍSAFJÖRÐUR [66°4' N]
[23°6' V]



@VIDDJUPIÐ

VIDDJUPID.IS

TÓNLISTARHÁTTUR, SUMARNÁMSKEIÐ, 17.–22.06.2024,

RADISSON BLU 1919 HÓTEL

Í HJARTA REYKJAVÍKUR

88 herbergi og svítur í falletgri skandinavískri hönnun staðsett í einu sögufrægasta húsi borgarinnar.

Radisson Blu 1919 Hotel
Posthusstraeti 2, 101 Reykjavik, Iceland
T: +354 599 1000 info.1919.reykjavik@radissonblu.com

FEEL THE DIFFERENCE
[radissonhotels.com/blu](https://www.radissonhotels.com/blu)

Á döfinni

26.04 FÖSTUDAGUR
Kl. 19:30



Ungir einleikarar

Framtíð tónlistarlífs á Íslandi hvílir á herðum þeirra ungu hljóðfæra-leikara og söngvara sem um þessar mundir taka sín fyrstu skref á stóra sviðinu. Það er sérstakt tilhlökkunarefni þegar framúrskarandi ungmenni stíga fram sem einleikarar með Sinfóníuhljómsveit Íslands og njóta árangurs þrotlausrar vinnu. Í salnum sitja fjölskylda og vinir sem hafa fylgst með tónlistarnáminu um margra ára skeið og fagnaðarlætin í Eldborg eru aldrei einlægari en á þessum skemmtilegu og spennandi tónleikum.

Einleikarar á tónleikunum verða valdir í samkeppni sem haldin er árlega í samstarfi við Listaháskóla Íslands. Í ár má með sanni segja að listamennirnir ungu séu í góðum höndum því það er finnski hljómsveitarstjórinn Petri Sakari sem heldur um tónsprotann. Einleikarar tónleikanna í ár eru Helga Dilljá Jörundsdóttir, fiðluleikari Hrafn Marínó Thorarensen, fagottleikari, María Qing Sigríðardóttir, sellóleikari, Ólína Ákadóttir, píanóleikari og Tómas Vigur Magnússon, fiðluleikari.

10.05 FÖSTUDAGUR
Kl. 19:30



Arnheiður syngur Grieg

Arnheiður Eiríksdóttir mezzósópran er fastráðin söngkona við Þjóðaróperuna í Prag og hefur að undanfögnu vakið mikla athygli fyrir frábæra túlkun og tæknilegt öryggi. Á tónleikunum syngur hún nokkur af dádústu sönglögum Griegs þar sem hljómamikil rödd hennar og ástríða fær að njóta sín til fulls.

Danski básúnuleikarinn Jesper Busk Sørensen er einn af fremstu básúnuleikurum álfunnar en hann hefur verið fastráðinn hjá Filharmóníusveit Berlínar frá árinu 2009. Hér leikur hann glænýjan og spennandi konsert eftir eitt helsta samtímatónskáld Danmerkur, Bo Holten, undir stjórn landa síns Thomas Søndergård, sem nýlega tók við sem aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitarinnar í Minnesota. Lokaverk tónleikanna er sjötta sífónía Sibelíusar. Hún er í senn innileg og ægífögur og sjálfur líkti Sibelíus verkinu við hreint, kalt vatn en í verkinu mætast hrifning hans á tónlist miðalda og endurreisnar og frumleg tónhugsun sem varðaði leiðina til framtíðarinnar.

Á döfinni

16.05 FIMMTUDAGUR
Kl. 20:00



Una Torfa og Sinfó

Una Torfadóttir hefur einstakt lag á að tengja saman sannleika, hversdagsleika, ást og tónlist. Allir sem hlusta dragast inn í einstakan tónheim Unu sem kom eins og sprenging inn í íslenskt tónlistarlíf árið 2022 þegar hún sendi frá sér plötuna Flækt og týnd og einmana. Hver smellurinn á fætur öðrum hefur náð miklum vinsældum og þar nægir að nefna lögin Fyrirverandi, Þú ert stormur og En. Á tónleikunum flytja Una og Sinfóníuhljómsveit Íslands nýjar útsetningar af mörgum hennar vinsælustu lögum ásamt efni af væntanlegri breiðskífu. Einnig verða flutt nokkur af uppáhaldslögum Unu sem hafa fylgt henni í gegnum tíðina.

Una hlaut Kraumsverðlaunin fyrir plötuna sína "Flækt og týnd og einmana". Hún var einnig tilnefnd sem nýliði ársins á Hlustenda-verðlaununum 2023 og vann söng ársins í flokknum popp-, rokk, hiphop- og raftónlist á Íslensku Tónlistarverðlaununum sama ár.

24.05 FÖSTUDAGUR
Kl. 19:30



Johan Dalene leikur Korngold

„Ein besta fiðlufrumraun áratugarins,“ sagði gagnrýnandi BBC Music Magazine um fyrsta geisladisk Johans Dalene, sænska fiðlusnillingins sem er aðeins 22 ára að aldri en hefur þegar lagt tónlistarheiminn að fótum sér

Á þessum tónleikum leikur Dalene hinn glæsilega fiðlukonsert Korngolds, hrífandi verk sem sýnir allar bestu hliðar einleikarans. Korngold var í aðra röndina kvikmyndatónskáld og má segja að frásagnargáfa og litadýrð fiðlukonserts hans gefi hinum myndræna miðli ekkert eftir þegar kemur að því að örva ímyndunaraflið. Konsert Bartóks fyrir hljómsveit er sömuleiðis innblásið verk sem reynir á hvern einasta hljóðfæraleikara sveitarinnar og spannar allt frá tregablandinni angurværð til æsilegra danskafla. Upphafsverk tónleikanna býr einnig yfir hugmyndaauðgi og fjöri, en það er konsertforleikur Samuels Barber, saminn fyrir leikrit Richards Brinsley Sheridan, The School for Scandal, þegar tónskáldið var enn við nám.

*Kvika eignastýring veitir allhliða
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



KVÍKA

Eignastýring



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Mahler nr. 3

Á LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK
ELDBORG | 6. JÚNÍ | KL. 19:30

Þriðja sínfónía Mahlers er heill heimur út af fyrir sig. Hún er í senn óður til náttúrunnar og djúphugul, heimspekileg könnun á mannlegu hlutskipti. Verkið er einkar aðgengilegt og ekki laust við að hlustandinn láti berast með sama straumi og Mahler forðum. Þetta stórvirki Mahlers krefst óvenjustórrar sínfóníuhljómsveitar, þriggja kóra og einsöngvara en með einsöngshlutverkið fer hin þýska Christina Bock. Eva Ollikainen, aðalhljómsveitarstjóri hljómsveitarinnar, stjórnar flutningnum.

MIÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS